

KIRKJUGARÐARÁÐ

70. fundur haldinn 11. maí 2009 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Gunnar Bollason fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem í fjarveru Kristínar H. Sigurðardóttur ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

Einnig mættu á fundinn Björn Sveinsson skrifstofustjóri KGRP og Björg Sigurðardóttir endurskoðandi frá Deloitte og síðar sr. Egill Hallgrímsson.

1. Setning fundar

Fundur var settur kl. 13:10.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með örlitlum leiðréttingum.

3. Kynning á skýrslu um fjármál kirkjugarða fyrir árið 2008

Björg Sigurðardóttir frá Deloitte lagði fram skýrsluna og fór yfir hana ásamt Birni Sveinssyni. Skýrslan var ekki endanlega afgreidd, þar sem óskað var eftir nánari sundurliðun, og verður skýrslan lögð fram aftur á næsta fundi til samþykktar. Björg og Sveinn fóru af fundi kl. 13:40.

4. Erindi frá sóknarnefnd Torfastaðasóknar vegna Úthlíðar

Á fundinn kom sr. Egill Hallgrímsson og gerði grein fyrir innsendu erindi formanns kirkjugarðsstjórnar Torfastaðakirkjugarðs um leyfi til að stækka Úthlíðarkirkjugarð undir duftreit.

Fyrir liggur yfirlýsing frá Birni Sigurðssyni í Úthlíð um að hann muni standa straum af öllum kostnaði við framkvæmdina. Mál þetta hefur ekki verið kynnt Fornleifavernd ríkisins sem eitt af verkefnum ársins og benti Gunnar á að Fornleifavernd ríkisins yrði að hafa eftirlit með framkvæmdinni.

Samþykkt var að leyfi yrði gefið til verksins þar sem einnig yrði lýst væntanlegum tekjum garðsins og að verkið skyldi unnið undir eftirliti Fornleifaverndar ríkisins.

5. Kynning á framkvæmdum við Bræðratungu

Valtýr gerði grein fyrir 5. lið. Búið er að bjóða út nýjan veg um land Tunguhverfisjarða að nýju brúnni yfir Hvítá og hlaut Ræktunarsamband Flóa og Skeiða verkið. Um er að ræða nýja veglínu. Heimamenn hafa á því áhuga að heimreiðar að bæjum verði lagaðar sem og aðkomuleið að Bræðratungukirkju auk bílastæðis. Gæti það lækkað mjög kostnað yrðu þessi verk unnin um leið. Bræðratungusókn mun sækja um styrk til Kirkjugarðasjóðs vegna bílastæðis og aðkomu að Bræðratungukirkju.

Ráðið ákvað að senda bréf til sóknarinnar þar sem vel yrði tekið í erindið og nefnt að það yrði tekið fyrir á næsta fundi. Einnig yrði þess getið að vegna óvissu um framlag ríkisins til kirkjugarðasjóðs væri ekki hægt að ákvarða upphæð styrkveitingar að svo stöddu.

6. Aðalfundur KGSÍ

Þórsteinn gerði grein fyrir aðalfundi KGSÍ. Hann verður með hefðbundnu sniði og verður haldinn á Höfn í Hornafirði 23.-24. maí n.k.

7. Önnur mál

- a) Guðmundur Rafn gerði grein fyrir framvindu verksins á Stóra-Núpi.
- b) Innkomin beiðni um styrk vegna heimildarmyndar um járnminnimerki. Guðmundur Rafn lagði fram bréf frá Ljósopi ehf. Ákveðið var að Sigrún Franklín kæmi á fund ráðsins.
- c) Þórsteinn velti fyrir sér hvenær fjárhagsár lokast. Hraungerðiskirkjugarður hefur nýlega sent inn skýrslu um jarðsetningar frá 2007 en vill einnig senda inn gögn um jarðsetningar frá 2006. Ákveðið að Guðmundur Rafn finni fundargerð frá fyrri tíð þar sem þetta var rætt. Ráðið ákvað að fengin yrði lögfræðileg álitsgerð frá dómsmálaráðuneytinu um hvort loka megi fyrir greiðslur frá fyrri árum. Mun Ragnhildur óska eftir álitinu.
- d) Næsti fundur boðaður þann 8. júní kl. 13:00 á sama stað.

Fundi slitið kl. 15:15.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Gunnar Bollason,
ritari